

**Mál nr. 4**  
**ÍA**  
**gegn**  
**Fram**

**Kæra ÍA**  
**Dómkröfur**

Knattspyrnufélag ÍA vill leggja fram kæru vegna leiks Fram og ÍA í Íslandsmóti 2. flokks karla þann 22. maí 2006 kl 20:00. Lokatölur leiksins voru 4-1 Fram í vil.

**Málavextir**

Eins og fram kemur á afriti af leikskýrslu lék Arnór Rafn Hrafnsson leikmaður nr. 10, kennitala 040189-2629, umræddan leik. Arnór Rafn Hrafnsson átti hins vegar að taka út leikbann í leiknum vegna 6 gultra spjalda samkvæmt úrskurði Aganefndar KSÍ þann 13.september 2005

**Röksemdir**

Knattspyrnufélag ÍA byggir kæru sína á því að samkvæmt reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, gr.4.3.1 er kveðið á um að lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann, þjálfara, eða forystumann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða.

Ath að fimmtudagurinn 25 maí er almennur frídagur og er kæran því lögð fram innan tilskilinna tímamarka.

Kærufrestur til dómstóls KSÍ er 5 dagar frá því að atvik það, sem kært er bar við og skulu almennir frídagar ekki taldir þar með.

**Gögn**

1. Kæru þessa
2. Afrit af leikskýrslu
3. Úrskurð aganefndar.

**Vitni**

Nafn: Hafliði Páll Guðjónsson

Nafn: Jóhannes Guðlaugsson

Virðingafyllst  
f.h rekstrarfélags meistaraflokks og 2 flokks ÍA.  
Guðlaugur K. Gunnarsson  
Framkvæmdastjóri rekstrarfélags meistaraflokks og 2 flokks ÍA.

**Úrskurður dómstóls KSÍ**

Ár 2006, þriðjudaginn 13. júní, kl. 15.00 er dómþing í Knattspyrnudómstóli KSÍ háð af Hilmarí Gunnlaugssyni dómara að Lagarási 4, Egilsstöðum.

Fyrir er tekið:  
Mál nr. 4/2006:  
ÍA  
gegn  
Fram

Enginn er mættur í réttinn. Í málinu er kveðinn upp svofelldur

**dómur**

I.

Mál þetta var mótttekið af skrifstofu KSÍ 30. maí 2006. Kærandi er Rekstrarfélag meistara- og 2. flokks ÍA, kt. 520201-2620, Jaðarsbökkum, 300 Akranesi. Kærði er Knattspyrnudeild knattspyrnufélagsins Fram, Reykjavík, kt. 490170-0139, Safamýri 28, Reykjavík.

Málinu var úthlutað undirrituðum dómara í dómstól KSÍ þann 31. maí sl.

#### **Dómkröfur.**

Kærandi krefst þess að dómstóllinn hnekki úrslitum leiks Fram og ÍA í Íslandsmóti 2. flokks karla þann 22. maí 2006 og úrskurði úrslit leiksins 0-3, ÍA í vil.

Kærði hefur ákveðið að halda ekki uppi vörnum í málinu.

#### **II.**

Með hliðsjón af 8. gr. laga um dómstól KSÍ og því að kærði ákvað að mótmæla ekki fram kominni kæru, er mál þetta dæmt án sérstakrar aðalmeðferðar þess.

Kærandi heldur því fram, að atvik málsins séu með þeim hætti að Arnór Rafn Hrafnsson, leikmaður nr. 10 hjá Fram, kennitala 040189-2629, hafi átt að taka út leikbann í umræddum leik vegna 6 gulra spjalda samkvæmt úrskurði Aganefndar KSÍ þann 13. september 2005.

Vísar kærandi máli sínu til stuðnings til greinar 4.3.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, en þar segir að mæti lið ólöglega skipað til leiks, skuli úrslit hans talin vera 0-3, nema tap hafi verið stærra.

#### **III.**

#### **Niðurstaða.**

Í máli þessu er ekki ágreiningur um málsatvik og verður málatilbúnaður kæranda því lagður til grundvallar. Með því, að sannað þykir að umræddur leikmaður var úrskurðaður í leikbann eftir að keppnistímabilinu 2005 lauk og að hann lék umræddan leik, sem var fyrsti leikur nýs keppnistímabils, verður, með vísan til greinar 4.3.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og greinar 8.2. í starfsreglum Aganefndar KSÍ, að fallast á kröfu kæranda.

Úrslit leiks Fram og ÍA í Íslandsmóti 2. flokks í knattspyrnu, sem fram fór 22. maí 2006, skulu vera 0-3, ÍA í vil.

Með vísan til ákvæða 4.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót þykir rétt að kærði greiði kr. 10.000 í sekt.

Hilmar Gunnlaugsson, dómari í Knattspyrnudómstól KSÍ, kveður upp dóm þennan.

#### **Dómsorð:**

Fram telst hafa tapað leik gegn ÍA í Íslandsmóti 2. flokks karla A sem fram fór 22. maí 2006 með markatölunni 0-3.

Fram greiði kr. 10.000 í sekt.

Hilmar Gunnlaugsson

#### **Áfrýjun Fram**

Undirritaður f.h. knattspyrnudeildar Fram, kt. 491070-0139, Safamýri 28, Reykjavík leyfi mér hér með að áfrýja til virðulegs áfrýjunardómstóls KSÍ dómi dómstóls KSÍ, dags. 13. júní 2006 í máli nr. 4/2006:

Rekstrarfélag meistarflokks og 2. flokks ÍA  
gegn  
Knattspyrnudeild Fram

#### **Kröfugerð.**

Áfrýjandi krefst þess að áfrýjunardómstóll KSÍ ómerki dóm dómstóls KSÍ í ofangreindu máli og að úrslit í leik 2.flokks Fram og ÍA sem leikinn var þann 22. maí 2006 4-1 Fram í vil haldist.

## **Málavextir.**

Fram kemur í hinum áfrýjaða dómi að mál þetta var mótttekið af skrifstofu KSÍ 30. maí 2006. Kærandi er Rekstrarfélag meistara- og 2. flokks ÍA, kt. 520201-2620. Kærandi er hins vegar ekki Íþróttabandalag Akraness eða knattspyrnudeild Íþróttabandalags Akra-ness, eins og ráða mætti af heiti hins áfrýjaða dóms, sbr. kæru sem var dómskjal nr. 1 í málinu. Kærði er Knattspyrnudeild knattspyrnufélagsins Fram, Reykjavík, kt. 490170-0139, Safamýri 28, Reykjavík.

Kærandi krafðist þess að dómstóllinn hnekkti úrslitum leiks Fram og ÍA í Íslandsmóti 2. flokks karla þann 22. maí 2006 og úrskurðaði úrslit leiksins 0-3, ÍA í vil.

Kærði hélt ekki uppi vörnum í málinu af ástæðum sem síðar greinir.

Kærandi byggði kröfugerð sína á því að Arnór Rafn Hrafnsson, leikmaður nr. 10 hjá Fram, kennitala 040189-2629, hafi átt að taka út leikbann í umræddum leik vegna 6 gulra spjalda samkvæmt úrskurði aganefndar KSÍ þann 13. september 2005. Vísaði hann til ákvæðis 4.3.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót þar sem kveðið er á um að mæti lið ólöglega skipað til leiks, skuli úrslit hans talin vera 0-3, nema tap hafi verið stærra.

Dómari í hinum áfrýjaða dómi taldi sannað að umræddur leikmaður hafi verið úrskurð-aður í leikbann eftir að keppnistímabilinu 2005 lauk og að hann hafi leikið umræddan leik, sem var fyrsti leikur nýs keppnistímabils, og yrði með vísan til greinar 4.3.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og greinar 8.2. í starfsreglum Aganefndar KSÍ, að fallast á kröfu kæranda.

Dómsorðið var að úrslit leiksins skyldu vera 0-3, ÍA í vil og 10.000 kr. sekt.

Við málavaxtalýsingu hins áfrýjaða dóms vill áfrýjandi bæta að umræddur leikmaður skipti í maí 2006 úr Fylki í Fram. Var hann leikmaður með Fylki þegar hann var úr-skurðaður í leikbann. Þann 12. maí 2006 gaf Knattspyrnusamband Íslands út keppnis-leyfi fyrir leikmanninn með Fram og var sú leyfisveiting engum skilyrðum bundin eða takmörkunum háð, né var beðið með útgáfu keppnisleyfisins. Upplýsti KSÍ Fram ekki um það við félagaskiptin eða útgáfu keppnisleyfisins að umræddur leikmaður væri í keppnisbanni.

## **Málsástæður.**

Krafa um ómerkingu dóms dómstóls KSÍ byggir á tveimur ástæðum; annars vegar hafi kærandinn ekki kæru rétt fyrir dómstóli KSÍ og hins vegar hafi KSÍ átt að upplýsa Fram við félagaskipti og útgáfu keppnisleyfis að umræddur leikmaður væri í keppnisbanni.

### Kæru réttur.

Í 3.gr. laga um dómstóla Knattspyrnusambands Íslands er kveðið á um hverjir hafi kæru rétt fyrir dómstóli KSÍ, en það eru hver sá einstaklingur og félag, sem misgert er við og hagsmuni hafa af niðurstöðu máls, eins og segir í ákvæðinu.

Í 1.gr. áðurnefndra laga segir um lögsögu dómstóla Knattspyrnusambandsins að dóm-stólarnir hafi fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda Knattspyrnusambands Íslands. Segir enn fremur að öll ágreiningsmál er varði knatt-spyrnu skuli rekin fyrir dómstólnum. Í 15.gr. laganna segir að öll brot á lögum og reglum KSÍ heyri undir dómstólana.

Með hugtakinu einstaklingur er átt við iðkanda sem er aðili að knattspyrnufélagi. Til þess að slíkur einstaklingur hafi kæru rétt verður að hafa verið misgert við hann sjálfan og hann þarf að hafa hagsmuni af kæru. Iðkandi getur verið leikmaður, dómari, þjálfari, liðsstjóri etc,

Kæruaðild er því í höndum einstaklinga sem hafa komið við sögu í því atviki sem kært er til dómsins og hafa hagsmuni af niðurstöðu. enda hafi verið misgert við viðkomandi og hann hafi hagsmuni af niðurstöðunni.

Með hugtakinu félag er átt við aðildarfélag að Knattspyrnusambandsinu. Skv. 1.gr. laganna um dómstóla Knattspyrnusambandsins nær lögsaga þeirra til allra ágreinings-mála er varða knattspyrnu. Öll félög innan Íþrótt- og olympíusambands Íslands eiga rétt til þess að taka þátt í opinberum knattspyrnumótum. Knattspyrnusamband Íslands samanstendur af knattspyrnudeildum íþrótt- og ungmennafélaganna og af þeim knatt-spyrnufélögum sem ekki starfa í deildum. Knattspyrnudeild Fram er aðili að Knatt-spyrnusambandi Íslands. Kærandi málsins Rekstrarfélag meistara- og 2. flokks ÍA er sjálfstæð lögpersóna með eigin kennitölu, sem knattspyrnudeild Íþróttabandalags Akraness hefur falið að sjá um fjárhagslegan rekstur meistaraflokks og 2. flokks. Rekstrarfélagið er hins vegar ekki aðildarfélag að Íþrótt- og olympíusambandi Íslands né Knattspyrnusambandi Íslands, heldur er aðildin í höndum Íþróttabandalagi Akraness, knattspyrnudeild. Félag sem ekki eru aðildarfélög KSÍ eða KSÍ hafa ekki rétt til þess að kæra mál til dómstóla KSÍ. Dómstól KSÍ bar þess vegna að vísa frá kæru Rekstar-félagsins. Vátryggingarfélag Íslands er fjárhagslegur bakhjarl knattspyrnudeildar Fram. VÍS hefur hins vegar ekki kærurétt fyrir dómstól KSÍ. Fram Fótboltafélag Reykjavíkur hf. er rekstrarfélag meistaraflokks og 2. flokks, en er hins vegar ekki aðili að KSÍ og hefur því heldur ekki kærurétt fyrir dómstól KSÍ.

#### Keppnisleyfi.

Eins og rakið var að framan var leikmaður sá sem talinn var vera ólöglegur leikmaður með Fram áður félagsbundinn Fylki og gaf KSÍ út keppnisleyfi fyrir leikmanninn í maí sl. án nokkurra fyrirvara.

Skv. grein 4.1 í starfsreglum fyrir aganefnd KSÍ skal aganefndin tilkynna úrskurð sinn strax að loknum fundi með tölvupósti eða símbréfi til formanns knattspyrnudeildar/ráðs eða þess aðila, sem félagið hefur tilkynnt KSÍ um. Úrskurður aganefndar skal einnig birtur á heimasíðu KSÍ strax að loknum fundi.

Í starfsreglum aganefndar KSÍ er ekki tekið á því hvernig með skuli fara þegar leikmaður sem úrskurðaður hefur verið í leikbann skiptir um félag. Á þessu er hins vegar tekið í reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna, en skv. grein A.6 getur KSÍ seinkað útgáfu keppnisleyfis vegna félagaskipta til að tryggja að leikmaður taki út leikbann sem hann hefur verið dæmdur í áður en til félagaskiptanna kom. Er þetta ákvæði sett til að fyrirbyggja að leikmenn komi sér undan leikbanni við félagaskipti. KSÍ gaf hins vegar út keppnisleyfi fyrir umræddan leikmann um leið og félagaskipti voru tilkynnt. Í ljósi ákvæðis A.6 mátti Fram ætla að leikmaðurinn væri löglegur í leiknum gegn ÍA.

Reykjavík 16. júní 2006.  
Sveinn Andri Sveinsson hrl.

Fylgiskjöl      Dómur dómstóls KSÍ ásamt fylgiskjöllum  
Keppnisleyfi til handa Arnóri Rafni Hranfssyni, dags. 13. maí 2006.

#### **Áfrýjunardómstóll KSÍ**

##### **Úrskurður áfrýjunardómstóls KSÍ**

Ár 2006, þriðjudaginn 4. júlí kl. 13:30 er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands háð á skrifstofu Sigurðar G. Guðjónssonar Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, af Sigurði G. Guðjónssyni, Guðmundi Péturssyni og Brynjari Niéssyni.

Fyrir er tekið:  
Mál nr. 2/2006:  
Knattspyrnudeild Fram  
gegn  
Knattspyrnufélaginu ÍA.

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

## dómur.

### I.

Mál þetta dæma Sigurður G. Guðjónsson, Guðmundur Pétursson og Brynjar Níelsson.

Hinn áfrýjaða dóm kvað upp Hilmar Gunnlaugsson dómari dómstóls Knattspyrnusambands Íslands þann 13. júní 2006.

Sveinn Andri Sveinsson hrl áfrýjaði máli þessu þann 16. júní 2006 og gerir þessar kröfur fyrir hönd áfrýjanda:

Að áfrýjunardómstóll KSÍ ómerki dóm dómstóls KSÍ í málinu nr. 4/2006: Rekstrarfélag meistaraflokks og 2. flokks ÍA gegn Knattspyrnudeild Fram og að úrslitin í leik 2. flokks Fram og ÍA sem leikinn var þann 22. maí 2006 4-1 Fram í vil haldist.

Stefndi sótti ekki dómþing við þingfestingu málsins fyrir áfrýjunardómstóli KSÍ föstudaginn 30. júní kl. 11:00 þrátt fyrir boðun þar um.

Á dómþingi 30. júní reifaði talsmaður áfrýjanda sjónarmið skjólstæðings síns m.a. varðandi það að rekstrarfélag meistaraflokks og 2. flokks ÍA gæti ekki samkvæmt lögum Knattspyrnusambands Íslands átt aðild að málum fyrir dómstólum KSÍ. Krafa umbjóðanda hans um ómerkingu á hinum áfrýjaða dómi fæli því í sér kröfu um frávisun eða sýknu.

### II.

Málavextir eru óumdeildir en þeir eru þessir. Í leik A-liða 2. flokks karla Fram og ÍA, sem fram fór á Framvelli og hófst kl 20:00 þann 22. maí sl í Íslandsmóti Knattspyrnusambands Íslands, tefldi áfrýjandi fram leikmanni að nafni Arnór Rafn Hrafnsson, sem Aganefnd Knattspyrnusambands Íslands hafði á fundi sínum þann 13. september 2005 úrskurðað í eins leiks bann vegna 6 áminninga, sem leikmaðurinn hafði fengið í leikjum sínum með 3. flokki Fylkis sumarið 2005. Leikmaðurinn hafði ekki tekið út leikbannið þegar leikur Fram og ÍA fór fram. Áfrýjandi vann leikinn með fjórum mörkum gegn einu.

### III.

Rekstrarfélag meistara og 2. flokks ÍA kærði úrslit leiksins til dómstóls KSÍ með kærðu dagsettri 30. maí 2006, þar sem fram kemur að kærán sé lögð fram fyrir hönd Knattspyrnufélags ÍA og þess krafðist að Knattspyrnufélaginu ÍA verði dæmdur sigur í leiknum við Fram sem fram fór þann 22. maí í Íslandsmóti A-liða 2. flokks karla, með markatölunni þrjú mörk gegn engu.

Áfrýjandi lét kærumálið ekki til sín taka við meðferð þess hjá dómstóli Knattspyrnusambands Íslands.

### IV.

Óumdeilt er að Knattspyrnufélagið ÍA á aðild að Knattspyrnusambandi Íslands. Ekkert í lögum um dómstóla Knattspyrnusambands Íslands útilokar að rekstrarfélög aðildarféлага Knattspyrnusambands Íslands geti rekið mál fyrir hönd viðkomandi félaga fyrir dómstólum Knattspyrnusambands Íslands með þeim hætti sem gert er í máli þessu. Kæra rekstrarfélagsins í máli þessu er sett fram fyrir hönd Knattspyrnufélagsins ÍA og krafa gerð fyrir hönd félagsins fyrir dómstóli Knattspyrnusambands Íslands. Kærán fullnægir því ákvæðum 6. gr. laga um dómstóla Knattspyrnusambands Íslands.

Krafa áfrýjanda um ómerkingu hins áfrýjaða dóms, sem samkvæmt skýringum hans við þingfestingu málsins lýtur m.a. að því að fá áfrýjanda sýknaðan af kröfum stefnda vegna aðildarskorts, verður því ekki tekin til greina og hinn áfrýjaði dómur staðfestur með vísan til forsendna hans, enda óumdeilt að áfrýjandi mætti með ólöglega skipað lið til leiks í Íslandsmóti 2. flokks A-liða karla þann 22. maí 2006, þar sem einn leikmanna Fram, Arnór Rafn Haraldsson, var í leikbanni samkvæmt úrskurði Aganefndar KSÍ frá 13. september 2005. Áhættan af mistökum varðandi upplýsingar um leikbönn Aganefndar hvílir á herðum móttakenda slíkra tilkynninga en hvorki Aganefnd KSÍ né skrifstofu sambandsins, enda upplýsingar um leikbannsákvarðanir Aganefndar aðgengilegar öllum á heimasíðu Knattspyrnusambands Íslands sbr. 4. gr. starfsreglna Aganefndar KSÍ. Með vísan til þessa og á

grundvelli greinar 4.4.3 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót þykir því rétt að Fram greiði sekt sem telst hæfilega ákveðin kr. 12.000

### **Dómsorð**

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur. Fram telst hafa tapað leik gegn ÍA í Íslandsmóti 2.flokks karla A, sem fram fór þann 22. maí 2006 með markatölunni 0-3. Fram greiði kr. 12.000 í sekt.

Sigurður G. Guðjónsson  
Brynjar Níelsson  
Guðmundur Pétursson